

viðtekning, og framkvæmd sanninda, er voru áður vel þeckt á mörgum stössum og tímum, en sem fjöldinn aldrei tileinkaði sér eða gerði verulega að starfandi afli, er ný. Eg skal leitast við að skýra frá hiklaust og á sem einfaldastan hátt, í fyrsta lagi, hvað trúarbrögð framtíðarinnar verða að líkendum ekki, og í öðru lagi, hvað búast má við að þau sennilega verði. Sjónarmið mitt er sjónarmið ameríksks leikmanns, sem hefir hugsað og veitt hlutunum eftirtekt um hið ávanalega langa tímabil síðan Darwins "Voyage of the Beagle" * kom út, skurðlækningasvæfingar og ritsíminn vorn tekin til nota, Herbert Spencer gaf út fyrstu ritgerðir sínar um framþróunina, Kuenen, Robertson Smith og Wellhausen** fullkomnuðu og vörðu biblíu rannsóknirnar. J.S. Mills "Grundvallararriði þjóðmegunarfræðinna" birtist og stríð Bandarískjanra við Mexiko setti af stað öfl, sem afnámu þrælahald í Ameríku—tímabil er vélaafl útbreiddist víða með sprengivélinni og notkun rafmagnsins, og allar hinar stærri atvinnugreinar mannkynsins hafa verið auknar og endurbættar.

(1) Trúarbrögð framtíðarinnar verða hvorki bygð á andlegu né veraldlegu valdi. Afturför fakmarkalauss valds er eitt af þýðingarmestu einkennum nútímans. Þessa afturför má sjá alstaðar, í stjórn, í mentamálum, í kyrkjunni, í verzlun og í heimilislífinu. Hín nálfandi kynslóð er viljug meira að segja æskir oft eftir að láta leiða sig; en hún er andstæð því að vera rekin, og hún vill skilja ástæður og rétt valdboðsins. Yfirleitt hafa kristnu kyrkjurnar, rómverska, grískar og mótmælenda hingað til reitt sig að mestu á meginreglu valdsins. Siðabótin setti valdbjóðandi bók í staðinn fyrir valdbjóðandi kyrkju, en það er augsýnilegt, að bæði vald hinna ströngustu kyrkna og biblíunnar sem bökstaflega inublásins leiðarvísis er í mikilli hættu, og að tilhneigingin til tilrjálslyndis er áframhaldandi og ómóttstæðileg á meðal mentaðra manna.

(2) Það er varla nauðsynlegt að taka fram að í trúarbrögðum framtíðarinnar verða engin náttúruöfl, eins og ljós, eldur, kuldri, stormur og jarðskjálfti íklædd persónugervi, þó að trúar-

*1831-36 ferðaðist Darwin með skipinu "Beagle" til Suður-Ameríku og safnaði á því ferðalagi afar mikilli visindaþekkingu.

**Allir nafnkendir fræðimenn, og talsmenn hærri krítíkarinnar.—þyð.